

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 27. ÁRG. 2021



LÖGMENN ERU ÞJÓNAR
RÉTTARRÍKISINS

10-13

ALLS KONAR AUKASTÖRF
LÖGMANNA

14-17

ER HÆTTUR Á
BRÁÐAVAKTINI

28-30



- 4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Kæru félagar
- 6 ARI KARLSSON
Byrgishugarfarið
- 8 EYRÚN INGADÓTTIR
Fréttir af aðalfundi LMFÍ
- 10 VIÐTAL VIÐ SIGURÐ ÖRN
HILMARSSON
Lögmenn eru þjónar réttarríkisins

- 14 VIÐTÖL VIÐ LÖGMENN
Alls konar aukastörf lögmanna
- 18 EVA BRYNDÍS HELGADÓTTIR
Hugleiðingar vegna dóms
Hæstaréttar í máli nr. 5/2021
- 19 AGNAR ÞÓR GUÐMUNDSSON OG
HAUKUR FREYR AXELSSON
Hin meinta meginregla í
matsfræðum

- 22 EYRÚN INGADÓTTIR
Tillögur að breytingum á Codex
Ethicus
- 28 VIÐTAL VIÐ GARÐAR GARÐARSSON
Er hættur á bráðavaktinni

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritsjóri og ábyrgðarmaður
Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmg.is

Aðstoðarritsjóri
Eyrún Ingadóttir

Ritnefnd
Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Kristín Edwald lögmaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Birna Hlín Káradóttir lögmaður

Varastjórn LMFÍ
Eva Halldórsdóttir lögmaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Tómas Eiríksson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

Forsíðumynd
Sigurður Örn Hilmarsson nýkjörinn formaður
Lögmannafélags Íslands. Ljósmynd: M. Flóvent

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Óflun ehf.
Sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

Gagnaeyðing í 30 ár

1991 - 2021

Við þökkum traustið



Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlað til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

KÆRU FÉLAGAR!



SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR

Það er mér mikill heiður að fá tækifæri til að gegna formennsku í félaginu okkar sem á sér langa og glæsilega sögu, en síðar á þessu ári verða liðin 110 ár frá stofnun þess. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki bæði gagnvart félagsmönnum og raunar samfélaginu öllu. Tilgangur þess er meðal annars að standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar og gæta hagsmuna hennar, stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis, og sinna lögboðnu eftirlitshlutverki.

Það skiptir því máli að félagið gæti þessara þátta af sanngirni, réttlæti og einurð. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að félagsmenn taki þátt í starfi félagsins eftir því sem kostur er, t.d. með því að sækja fundi, gefa kost á sér til trúnaðarstarfa eða einfaldlega með því að koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum til stjórnar eða skrifstofu félagsins. Þær eru ávallt vel metnar og kærkomnar.

Undanfarin þrjú ár hef ég tekið þátt í stjórn félagsins og starfað þar með frábæru fólki undir forystu Berglindar Svavarsdóttur. Berglind var önnur konan til að gegna hlutverki formanns, en Þórunn Guðmundsdóttir gegndi formennsku á árunum 1995-1997. Því tengdu er rétt að geta þess að hlutfall kvenna innan félagsins hefur haldist nánast óbreytt alltof lengi. Af félagsmönnum eru 329 konur eða 31,2% , en árið 2013 voru þær 30%. Þannig hefur hlutfall þetta lítið breyst þrátt fyrir að fleiri konur en karlar útskrifist árlega úr lagadeildum háskólanna. Eflaust eru ótal ástæður fyrir þessu, en hér er augljóslega verk að vinna.

Ég tel líka að útskýra þurfi betur hlutverk okkar í samfélaginu og gildir þar einu hvort um er að ræða gagnvart almenningi eða þeim aðilum sem ættu að þekkja vel til, s.s. lögreglu, dómstólum og öðrum yfirvöldum. Það getur að einhverju leyti verið skiljanlegt að almenningur átti sig ekki alltaf á því í hverju lögmannsstarfið felst, en það er illþolanlegt ef lögfræðimenntaðir kollegar okkar eða eftir atvikum dómarar gera það ekki.

Í viðtali mínu við ritstjórn blaðsins nefndi ég til dæmis réttarfarssekt í Hrd. 710/2012 sem hefur ávallt setið í mér. Í örstuttu máli hafði sakborningur málsins setið í gæsluvarðhaldi í fjóra mánuði vegna gruns um alvarlega líkamsárás. Lögum samkvæmt var gæsluvarðhaldsúrskurðum málsins markaður skammur tími í hvert sinn og kærði sakborningurinn hvern þeirra til Hæstaréttar. Í fimmta skiptið gat Hæstiréttur þess að kærán hafi verið að ófyrirsynju sökum þess að sakborningurinn hefði ekki bent á nein ný atvik sem „réttlætt gæti að hinum kærða úrskurði yrði skotið til Hæstaréttar“. Í sjötta skiptið gat Hæstiréttur þess að kærán hafi verið „algjörlega tilefnislaus“ og var verjandanum gert að greiða kr. 100.000 í réttarfarssekt.

Þá hlýtur spurningin að vakna, til hvers var Hæstiréttur að ætlast af verjandanum? Að hann meinaði skjólstæðingi sínum að nýta lögbundinn rétt sinn til að kæra frelsissviptingu af hálfu hins opinbera?



ADVEL
L Ö G M E N N

Hafnartorgi · Kalkofnsvegur 2 · advel@advel.is



Sérhæfðu þig í lögum

BS í viðskiptalögfræði



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

Kynntu þér málið
á bifrost.is

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalapýðandi, EU-ACI

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík
sími: 897 2717 » netfang: ellening@simnet.is

BYRGISHUGARFARIÐ

ARI KARLSSON LÖGMAÐUR
RITSTJÓRI



Í þekktum dægurlagatexta Kristjáns frá Djúpalæk segir: „Köld mín hyggja varð með vetri, vorið gerði úr mér betri mann.“ Eftir langan vetur í skugga kórónuveirunnar og samkomutakmarkana getum við tekið undir með skáldinu.

Og þá er það sérstakt fagnaðarefni ef svo fer fram sem á horfir að þá verði bólusetningum flestra lokið um mitt sumar þannig að vonandi sé unnt að létta samkomutakmörkunum. Flest erum við orðin leið á þessu ástandi öllu og takmörkunum. Margir þeirra sem hafa meira og minna starfað heima hjá sér frá því að faraldurinn kom hlakka til þess að komast aftur í rútínu vinnudagsins og að hitta fólk öðruvísi en á fjarfundum.

Fyrir aðra sem eru innhverfari hefur þetta ástand ef til vill hentað betur þar sem samskipti hafa getað verið ópersónulegri. Ýmsir sem þurfa að mæta aftur í vinnu finna fyrir einhvers konar skrifstofukvíða þ.e. að geta ekki lengur unnið heima í gegnum internetið. Það kann nefnilega að vera erfitt að koma út úr stafræna byrginu þegar ástandinu léttir en það er samt öllum hollt og nauðsynlegt.

Dæmin sýna nefnilega að þegar við lokum okkur af og hættum að líta út fyrir að því fylgir byrgishugarfar (bunker mentality). Hvort sem um er að ræða í rekstri fyrirtækja, stjórnámálum, persónulegum samskiptum eða í lögmennsku er oft sú tilhneiging að horfa ekki í kringum sig heldur tileinka sér þröngt sjónarhorn og umkringja sig jafólki.

Við lögmenn þurfum að gæta að þessu sérstaklega þ.e. að gæta að sjálfstæði okkar þegar umbjóðandinn hefur þröngt og einhliða sjónarhorn á hagsmuni sína. Hér reynir á þá gamalkunnu meginreglu siðareglna lögmanna að samsama sig ekki umbjóðanda sínum. Þetta getur verið vandasamt í því sérstaka trúnaðarsambandi sem samband lögmanns

og skjólstæðings er, sérstaklega þegar um mikilsverða hagsmuni er um að ræða eða málefni sem er hjartans mál skjólstæðingsins.

Það er hins vegar ekki hlutverk lögmannsins að vera klappstýra eða loka sig inni í byrgi með umbjóðandanum og taka undir allt sem hann segir. Öðruvísi er hætt við því að ráðgjöf lögmannsins komi að litlu haldi eða geri jafnvel illt verra.

Í þessu tölublaði kennir ýmissa grasa venju samkvæmt.

Nýkjörinn formaður Lögmannfélagsins, Sigurður Örn Hilmarsson, sem er fyrsti fulltrúi hinnar svokölluðu þúsaldarkynslóðar sem stendur þar í stafni, er til viðtals í þessu tölublaði. Hann vísar að því að lögmenn séu fyrst og síðast þjónar réttarríkisins. Sigurður ræðir í viðtalinu um um pro bono vinnu lögmanna og að hann vilji auka umræðu innan félagsins um þessi mál og skoða þau frekar til að hvetja lögmenn til þess að gera meira af slíku.

Í blaðinu skiptast lögmenn á hugleiðingum um nýfallinn dóm Hæstaréttar þar sem reyndi á svokallaða hlutfallsreglu skaðabótaréttar. Þá er greint frá félagsfundi í Lögmannafélaginu 21. maí sl. og tillögur að breytingum á siðareglum lögmanna og athugasemdir sem gerðar voru við þær.

Í blaðinu er að finna áhugavert viðtal við Garðar Garðarsson lögmenn sem hætti lögmennsku í maílok eftir hálfri aldar farsæl störf þar sem hann fer meðal annars yfir farinn veg. Á léttari nótum er síðan fjallað um lögmenn sem sinna alls konar skemmtilegum og skrýtnum aukastörfum.

Með það í huga óskum við lesendum öllum gleðilegs sumars.



Rafmagnaður 

e-tron 50

Innifalinn
ávinningur

1.270.000 kr.

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflagjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með allt að 341 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar. Fjór hjóladrifinn rifur hann sig í hundraðið á undir sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

Aukabúnaður í Advanced er meðal annars: 20" álfelgur, lyklalaust aðgengi, dökkar rúður að aftan, bakkmyndavél, rafdrifin framsæti með minnisstillingum f. bílstjóra, hiti í stýri, rafmagnsopnun- og lokun á afturhlera, fjarhitun, geymslupakki, leiðsögukerfi og stillanleg loftpúðafljóðrun.



Audi e-tron 50 quattro Advanced – Verð 9.590.000 kr.

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á www.hekla.is/audisalur

Fylgdu okkur!



www.audi.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

FRÉTTIR

AF AÐALFUNDI LMFÍ

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands var haldinn föstudaginn 28. maí síðastliðinn og var sjálfkjörið í öll embætti að þessu sinni.

Formaður kveður

Berglind Svavarsdóttir formaður sagði stjórnina ekki hafa setið auðum höndum á starfsárinu þar sem haldinn hafi verið 21 fundur með alls 422 dagskrárliðum: „Meðal fjölmargra verkefna var settur á stofn vinnuhópur um endurskoðun reglna og verklags við ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmanna. Hópurinn skilaði skýrslu þar sem fram komu ýmsir vankantar varðandi framkvæmd þessara mála og kom með tillögur til úrbóta. Einnig leitaði félagið til dr. Hersis Sigurgeirssonar doktors í stærðfræði um forsendur og viðmiðunargrundvöll um útreikning dómstólasýslunnar á þóknun til handa lögmönnum vegna réttargæslu- og verjendastarfa. Var hans niðurstaða að miða ætti við svokallaða vísitölu málsvarnarlauna sem samsett er 75% úr vísitölu launa og 25% úr vísitölu neysluverðs. Félagið hefur komið þeirri beiðni á framfæri að framvegis verði tekið mið af þessari vísitölu við útreikning á ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf,“ sagði hún.

Berglind sagði enn fremur að mikil samskipti væru við stofnanir, fyrirtæki og félög vegna ýmissa mála sem varða lögmenn og starfsumhverfi þeirra. Sem dæmi hafi forsvarsmenn félagsins haldið fund með Skattinum vegna álagningar sektar á lögmannsstofu fyrir meint brot á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Í framhaldi af fundinum framkvæmdi Skatturinn nýja úttekt á vinnubrögðum lögmannsstofunnar og féll frá álagningu sektar.

Berglind, sem var að ljúka sínu þriðja og síðasta starfsári sem formaður, þakkaði að lokum fyrir traust félagsmanna. Þessi ár hefðu um margt verið sérstök og viðburðarík þar

sem breytingar á dómstólaskipan landsins hefðu komið við sögu og einn heimsfaraldur: „Eins og sést í ársskýrslunni þá fer gríðarlegt starf fram hjá félaginu, bæði innan þess og í samstarfi við aðra aðila. Það sem stendur þó upp úr er hversu margir félagsmenn eru ávallt tilbúnir til að leggja hönd á plóg og vinna í þágu félagsins með einum eða öðrum hætti. Það er ekki sjálfgefið og fyrir það ber að þakka. Að síðustu þakka ég stjórnarmönnum fyrir afar farsælt samstarf á starfsárinu og sömuleiðis framkvæmdastjóra félagsins og öðru starfsfólki,“ sagði hún.

Afkoma félagsins

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum félagsins og félagsdeildar. Heildartap af rekstri lögbundna hlutans nam tæplega 2,8 milljónum króna þrátt fyrir auknar tekjur vegna hækkunar árgjalds, sem samþykkt var á aðalfundi árið 2019. Ástæðan er meðal annars að kostnaður jókst talsvert vegna breytinga á fyrirkomulagi við endurskoðun reikninga félagsins. Þá nam kostnaður vegna málareksturs tæpum 4,3 milljónum á árinu 2020. Annars vegar var það vegna rekstrar máls fyrir Hæstarétti, sem kom til vegna ágreinings um heimild stjórnar félagsins til að skjóta málum til úrskurðarnefndar lögmanna, og hins vegar vegna málskostnaðar sem félaginu var gert að greiða gagnaðila í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar. Kostnaður af rekstri úrskurðarnefndar lögmanna hækkaði einnig talsvert milli ára sem og launakostnaður. Tap af rekstri félagsdeildar var rúmar 1,4 milljónir króna en þar lækkuðu árgjöld lítilllega milli ára á móti auknum tekjum vegna námskeiða.

Á fundinum var borin upp tillaga um hækkun árgjalds fyrir árið 2022 úr kr. 72.000,- í kr. 79.000,- og var hún samþykkt.



F.v. Ingimar Ingason, Hjördís Halldórsdóttir, Darri Sigþórsson, Berglind Svavarsdóttir, Sigurður Örn Hilmarsson, Kristín Edwald og Viðar Lúðvíksson.

Sjálfkjörið í stjórn

Samkvæmt samþykktum Lögmannafélagsins skulu þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn eða varastjórn félagsins tilkynna það til stjórnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Að þessu sinni var sjálfkjörið í öll embætti á vegum félagsins.

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður var kosinn formaður en hann var varaformaður á síðasta starfsári. Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður og Geir Gestsson lögmaður voru kosin í stjórn til tveggja ára en fyrir sitja í stjórn næsta starfsárið þær Birna Hlín Káradóttir lögmaður og Kristín Edwald lögmaður.

Þrír lögmennt buðu sig fram sem varamenn í stjórn, þau Eva Halldórsdóttir lögmaður, Tómas Eiríksson lögmaður og Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður, og voru sjálfkjörin.

Af starfi úrskurðarnefndar

Á aðalfundinum var enn fremur flutt skýrsla úrskurðarnefndar en árið 2020 bárust nefndinni 34 mál. Þar af voru fjögur mál afturkölluð en einu var vísað frá. Nefndin úrskurðaði í 14 þessara mála á árinu og lauk auk þess við að úrskurða í 11 málum sem borist höfðu árið 2019. Nefndin

taldi ástæðu til að finna að störfum lögmannna í átta þessara mála en tveir lögmennt hlutu áminningu vegna framgöngu sinnar í starfi.

EI

Áhugavert milli aðalfunda

- Félagsmenn LMFÍ eru nú 1056, eða fjórum fleiri en á síðasta aðalfundi. Þar af eru konur 329 og karlar 727.
- Nýir félagsmenn voru 52 en þar af leystu 28 til sín eldri málflutningsréttindi.
- Alls eru 690 lögmennt með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómstólum.
- Níu félagsmenn öðluðust réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti og eru nú 56.
- 308 lögmennt eru með réttindi til málflutnings fyrir öllum þremur dómstigunum.
- Tveir félagsmenn starfa á grundvelli erlendra málflutningsréttinda skv. staðfestutílskipun EU.
- Réttindi þriggja lögmannna voru felld niður á starfsárinu vegna vanskila á fjárvörsluyfirlýsingum.

S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hrl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl.
Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl.
Halldór Hranar Halldórsson hdl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is



NAFN: SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON

VINNUSTAÐUR: RÉTTUR – ADALSTEINSSON & PARTNERS

LÖGMANNSRÉTTINDI: RÉTTINDI TIL MÁLFLUTNINGS FYRIR HÉRAÐSDÓMI ÁRIÐ 2009 OG HÆSTARÉTTI 2017.

FJÖLSKYLDUHAGIR: KVÆNTUR HELGU LÁRU HAUKSDÓTTUR LÖGMANNI OG VIÐ EIGUM ÞRjú BÖRN Á ALDRINUM 3-10 ÁRA.

HELSTU ÁHUGAMÁL: ÉG HEF ÁHUGA Á NÆSTUM ÞVÍ ÖLLU. ÞEGAR ÉG VAR LÍTILL VAR ÉG ÁHUGASAMUR UM AÐ VITA HVERNIG HLOTIR VIRKUÐU OG TÓK ÞESS VEGNA ALLT Í SUNDUR. ÉG ER EIGINLEGA ENN AÐ KRYFJA HLOTINA. SVO SPILA ÉG KÖRFUBOLTA MEÐ FÉLÖGUNUM OG FINNST GOTT AÐ KÚPLA MIG ÚR ANNRÍKI DAGSINS MEÐ ÞVÍ AÐ ELDA GÓÐA MÁLTÍÐ. ÞESSI ÁHUGI Á ELDAMENNSKU LEIDDI SVO TIL SAUÐFJÁRRÆKTUNAR Í BORGARFIRÐI, AUK ÞESS SEM ÉG ÓL ÞAR TVO GRÍSI EITT SUMARIÐ, SEM ÉG HAFÐI FENGIÐ Í AFMÆLISGJÖF FRÁ VINNUFÉLÖGUM MÍNUM. ÞEIR BÁRU NÖFNIN AÐALRÉTTUR OG LÆÐAN, OG VORU LJÚFFENGIR. SÍÐAST EN EKKI SÍST HEF ÉG ÁHUGA Á UPPELDI BARNANNA MINNA.

LÖGMENN ERU ÞJÓNAR RÉTTARRÍKISINS

Sigurður Örn Hilmarsson, einn eigenda Lögmannsstofunnar Réttar, var kjörinn formaður á aðalfundi Lögmannafélags Íslands 28. maí síðastliðinn. Lögmannablaðið hitti Sigurð Örn og ræddi við hann um lögmennskuna, lífið og starfið fram undan.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að bjóða þig fram til formennsku?

Ég hef fylgst með starfi félagsins frá því ég varð lögmaður árið 2009. Ég sat m.a. í starfshópi um hælisleitendamál en kom inn sem varamaður í stjórn árið 2018 og sat alla stjórnarfundir þar sem einn stjórnarmanna hvarf til annarra starfa. Síðan fór ég í aðalstjórn árið 2019 og var varaformaður síðasta starfsár. Þá fór ég aðeins að máta mig við þetta hlutverk.

Af hverju fórstu í lögfræði?

Það var nú eiginlega fyrir slysi. Ég var í náttúrufræðideild MR og hafði hugsað mér að fara í læknisfræði eða eitthvað slíkt. Í stúdentsprófunum fékk ég hins vegar leið á náttúruvísindum og velti um tíma fyrir mér að fara annað hvort í bókmenntafræði eða heimspeki. Ég endaði síðan á því að skrá mig í lögfræði, aðallega til að fresta ákvörðun um hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Í meistaranáminu fór ég að vinna lögfræðistörf samhliða námi og fékk þá aukinn áhuga á faginu.

Lögmannsstofan Réttur hefur verið í fararbroddi við að sinna mannréttindum og pro bono málum, hvers vegna hefur sú stefna verið tekin?

Frá því að Ragnar Aðalsteinsson hóf störf sem sjálfstætt starfandi lögmaður árið 1969 þá hefur hann helgað hluta af tíma sínum framgangi réttarins með manngildishugsjón að leiðarljósi. Við sem störfum hér deilum þessari skoðun en lengi vel var svolítið tilviljun háð hvaða mál voru tekin. Fyrir um það bil 7-8 árum þá ákváðum við að formgera stefnu stofunnar í þessum málum og fórum að taka þátt í verkefni Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð. Við ákváðum þá hvaða málaflokka við tækjum að okkur, veltum fyrir okkur hvaða gildi ættu að vera í störfum okkar og hvað fælist í því að vera lögmaður.

Og hvað felst í því að vera lögmaður?

Lögmenn eru þjónar réttarríkisins, þeirra hlutverk er að gæta að grundvallarréttindum fólks. Það skiptir raunverulegu máli að það sé gott fólk sem veljist til þessara starfa.



Ljósmynd: M. Flóvent

Hvað fær lögmannsstofan ykkar út úr því að aðstoða fólk með þessum hætti?

Númer eitt er auðvitað að gera gagn. Það skiptir máli að lögmenn helgi hluta af tíma sínum þeim borgurum sem geta ekki staðið á rétti sínum. Málin sem við sinnum eru fjölbreytt og varða til dæmis hælisleitendur og flóttamenn, öryrkja og fatlað fólk. Í annan stað þá verður tilgangurinn í starfinu mjög augljós og þegar maður lítur til dæmis yfir árið þá eru það oft þessi mál sem að standa hæst og veita mesta ánægju. Í þriðja lagi þá gerir þessi áhersla stofuna okkar að eftirsóknarverðum vinnustað. Fjórða atriðið er að þessi hlið á starfinu veitir okkur fjölbreytta reynslu og eykur vísýni sem nýtist svo í öðrum málum.

Við erum óvenjuleg lögmannsstofa að því leytinu að við sinnum einnig mikið fyrirtækjalögfræði og á biðstofunni hjá okkur sitja kannski forstjórar og hælisleitendur hlið

við hlið og bíða eftir að ræða við lögmann. Það er sá hluti sem aflar okkur tekna til að borga laun og reka stofuna.

Pro bono er mjög vel þekkt erlendis en stærstu stofur heims líta svo á að það sé hluti af því að vera lögmaður að sinna slíkum málum. Ég held að á Íslandi séu fullt af lögmönnum sem sinna pro bono málum og ég hef áhuga á því að auka umræðu um þetta innan félagsins til að fá betri mynd af því sem lögmenn eru að gera og hvetja þá til að gera meira. Ég hef á tilfinningunni að þessu sé að einhverju leyti misskipt. Það þarf að ræða samfélagsábyrgð lögmanna.

Er eitthvað fleira á dagskránni sem þú hyggst beita þér fyrir?

Stjórnin hefur rætt um að huga þurfi að starfsumhverfi lögmanna, það er verk að vinna þar. Ég hef það á tilfinningunni að nokkuð stór hluti lögmanna hafi á einhverjum tímamarki upplifað vanlíðan í starfi.

Þetta er að sumu leyti erfitt starf og því fylgir á tímum óumflýjanlega álag. Ég tel þó að margt sé hægt að gera til að bæta starfsumhverfi okkar. Það þarf til dæmis að skoða áfrýjunar- og kærufresti og hvaða áhrif þeir hafa. Til dæmis var sennilega ætlunin með stuttum áfrýjunarfresti fyrir Landsrétti að tryggja styttri málsmeðferðartíma, en það breytir litlu þegar það getur tekið ár eða lengur að fá mál á dagskrá.

Þessa fyrstu mánuði langar mig líka að útskýra hlutverk lögmannna betur gagnvart samfélaginu og standa vörð um það. Til dæmis má nefna atriði eins og húsleitir á lögmannsstofum, sem er nánast búið að „normalisera“ sem úrræði en stjórn félagsins hefur verið að beita sér fyrir lagasetningu um þetta. Það er eins og „auðvelda leiðin“ eða letin sé æðsta réttarheimildin. Í gamla daga var hægt að framkvæma leit á lögmannsstofum tiltölulega markvisst, málgögn voru tekin sem vörðuðu eitthvað ákveðið mál sem var til rannsóknar. Núna er allur tölvubúnaður stofunnar speglaður og í því felst að upplýsingar um aðra skjólstæðinga lögmannsins eru allt í einu komin í hendur ríkisvaldsins og mér finnst það ískyggilegt og illsamræmanlegt þeim kröfum sem við gerum til meðalhófs.

Svo getur lögmonnum verið ætlað vitnahlutverk í sakamáli sem aldrei raungerist með þeim afleiðingum að sakborningur hefur ekki möguleika á að fá þann verjanda sem hann vill. Þetta skiptir raunverulegu máli. Þó lögmennt geti orðið vitni í sakamáli ætti að fara fram mat hversu nauðsynlegt það er hverju sinni. Eins og staðan er í dag er það ekki gert, heldur nægir að ákærvaldið segi að það sé ekki útilokað að það óski þess að lögmaður beri vitni á síðari stigum.

Að einhverju leyti er vandamálið að þessi brot á réttlátri málsmeðferð, réttindum sakborninga og verjanda, hafa engar eða litlar afleiðingar. Hið opinbera hefur misnotað þetta vald sem það hefur gagnvart lögmonnum - um það hefur verið dæmt. Einnig mætti nefna símhlustanir en ríkissaksóknari, sem ber eftirlitsskyldur með þessum málum, fær ekki fullnægjandi svör frá lögreglustjóraembættunum og virðist skorta úrræði til að fylgja þessum málum eftir. Að endingu mætti svo nefna réttarfarssekt verjanda vegna kæru á gæsluvarðhaldsúrskurði fyrir nokkru. Þar virðist sem að dómstóllinn hafi samsamað lögmanninum við sakborning málsins. Það er ástæða fyrir því að úrskurðir um gæsluvarðhald eru tímabundnir og þeir eru kæránlegir. Það skýtur mjög skökku við að sekta verjanda fyrir að verða að ósk skjólstæðings síns um að neyta þeirra réttinda sem honum eru tryggð í lögum.

Nú snúum við okkur að þér sjálfum, hvaða þáttum lögmannskunnar finnst þér áhugaverðast að sinna?

Ég hef alltaf haft gaman af málflutningi, en bæði fylgir honum nokkur keppni auk þess sem þar er stundum deilt um kjarnaatriði lögfræðinnar. Stór hluti vinnutíma míns fer í málarekstur fyrir dómstólum og þar á eftir fyrirtækjalögfræði, en ég reyni samt að gæta þess að það sé alltaf tími eftir fyrir mannréttindalögfræðina.

Hvernig gengur að samtvinna fjölskyldulíf og lögmannsku?

Ég vinn oftast til kl. 16-17, sæki þá börnin og er með fjölskyldunni. Svo tek ég oft svokallaða seinni vakt á kvöldin og finnst það vera góður tími. Þá er enginn sími að trufla og ég kem oft miklu í verk. Bestu hugmyndirnar koma oft þegar maður stendur upp frá skrifborðinu, þetta er starf sem að fylgir manni alltaf.

AK og EI



ALLS KONAR AUKASTÖRF LÖGMANNA

HVAÐ ÆTLI ALMENNINGUR SJÁI FYRIR SÉR ÞEGAR STARFSHEITIÐ „LÖGMAÐUR“ ER NEFNT? ER ÞAÐ KANNSKI KARL Á MIÐJUM ALDRI Í BOSS JAKKAFÖTUM SEM SPILAR GOLF Í FRÍSTUNDUM OG RÆÐIR UM LÖGFRÆÐILEG ÁLITAEFNI Í TÍMA OG ÓTÍMA? EÐA ER ÞAÐ KANNSKI VEL TIL HÖFÐ KONA Á ÓRÆÐUM ALDRI Í GUCCI DRAGT SEM VELITIR UPP LÖGFRÆÐILEGUM ÁLITAEFNUM YFIR RAUÐVÍNSGLASI? EF SVO ER ÞÁ ER TÍMABÆRT AÐ JARÐA SLÍKAR STAÐALÍMYNDIR ÞVÍ AÐ LÖGMENN LANDSINS ERU ALLS KONAR. LÖGMANNABLAÐIÐ RÆDDI VIÐ NOKKRA ÞEIRRA.



Eigendur vefverslunarinnar Pippu á góðri stund. F.v. Vigdís Ósk Häsler lögfræðingur, Erna Hreinsdóttir grafískur hönnuður og Þyri Steingrímsdóttir lögmaður.

ÉG ER ... PARTÝBLÖÐRUVFVERSLUNARKONA

Þyri Steingrímsdóttir lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur er einn af þremur eigendum vefverslunarinnar www.pippa.is þar sem hægt er að kaupa allar skreytingar fyrir partyið, veisluna, brúðkaupið, afmælið eða bara fyrir öll hugsanleg tilefni. „Þetta byrjaði sem samstarf þriggja vinkvenna, allar mæður sem eru búnar að vera vandræðast með að finna eitthvað flott fyrir barnaafmælin, brúðkaupin og veislurnar í gegnum tíðina. Við pöntum allt frá birgjum í Bretlandi en ein okkar er hreinlega með háskólagráðu í smartheitum, er grafískur hönnuður, og fljótlega varð eftirspurn eftir því að við kæmum á staðinn og settum upp skreytingar. Þá byrjuðum við að prófa okkur áfram með blöðruskúptúra. Þær eru nú orðnar lang vinsælasta varan hjá okkur.“

Af hverju heitir vefverslunin Pippa?

„Það er tengingin við Royalistann í mér en vefverslunin var stofnuð sumarið 2016 um svipað leyti og Pippa Middleton, systir verðandi drottningar breska heimsveldisins, gifti sig. Þess má geta að Middleton fjölskyldan efnaðist á því að reka partybúðina Party Pieces.“

Kemur sér vel að vera lögmaður í verslunarrekstri sem þessum?

„Ég hef getað séð um skjalagerð og hluthafasamkomulag... en í alvöru þá er það góð hvíld að binda saman blöðrur, ákveða litasamsetningar og velja fallega hluti til að setja í netverslunina. En fyrst og fremst mjög skemmtilegt auka djóbb með tveimur góðum vinkonum.“

Heldur þú að lögmannsstarfið eigi eftir að láta undan síga fyrir verslunarkonunni?

„Það er aldrei að vita, framtíðarsýnin er að stofna verslun samhliða vefversluninni og láta þetta stækka allt saman. Sem stendur byggir allt á vinnuframlagi okkar sjálfra. En kannski fer maður bara alla leið í blöðrurnar!“



Óðinn Elisson markar lamb með fjármarki sínu sem er sneitt framan hægra og tveir bitar framan vinstra.

ÉG ER ... BÓNDI

Óðinn Elisson lögmaður titlar sig sem refaskyttu í símaskránni en samhliða lögmannsstörfum sínum hjá Fulltingi er hann bóndi á Klörustöðum í Kjós. „Ég er með 76 kindur, slatta af hestum og landnámsþætur sem eru skemmtilegar skepnur.“

Hvernig á það saman að vera lögmaður og bóndi?

„Þetta passar fullkomlega saman, þetta er mitt jóga og veitir ró sem er nauðsynleg í lögmannsstarfinu.“

Ef þú þyrftir að velja á milli, hvort myndir þú velja lögmannsstörf eða bústörf?

„Ég hef ekki þurft að velja á milli, það er kosturinn. Það veitir mér frelsi.“



Sara Pálsdóttir er með köllun og segir að orka hafi mikið að segja um hvernig andleg og líkamleg heilsa okkar er.

ÉG ER ... DÁLEIÐARI, ORKUHEILARI OG RITHÖFUNDUR

Sara Pálsdóttir lögmaður hjá lögmannsstofunni Lausnum er dáleiddari og orkuheilari og hjálpar fólki til að fá frelsi frá kvíða, eyða streitu, þreytu og verkjum svo fátt eitt sé nefnt.

Hvað kemur til að þú fórst í dáleiddslu og orkuheilun?

„Fyrir nokkrum árum glímdi ég við mikinn kvíða, brotna sjálfsmýnd og krónískt verkjavandamál. Þetta olli mikilli þreytu og vanlíðan og ég átti orðið erfitt með að endast heilan vinnudag. Ég var búin að fara til alls kyns lækna og sérfræðinga en það var ekki fyrr en leitaði inn á við, fór í hugleiðslu og dáleiddslumeðferð, sem að ég fékk fullan bata. Í því ferli uppgötvaði ég hvað það var sem raunverulega olli kvíðanum og verkjunum. Í dag hef ég öðlast algert frelsi frá öllum óheilbrigðum kvíða, glími ekki við neina verki. Í kjölfarið fór að brenna eldur innra með mér að hjálpa öðrum til

að öðlast hið sama og ég fór í dáleiddslunám og lærði einnig orkuheilun. Það var eins og ég væri leidd áfram. Ég man eftir því þegar ég sat í fyrsta tímanum í dáleiddslunáminu og horfði á töfluna en þar stóð „dáleiddsla 101“. Ég spurði sjálfa mig hvað ég væri eiginlega að pæla og hvort það ætti ekki frekar að standa „skaðabótaréttur“ eða eitthvað álíka!

Nú býð ég upp á einstaklings- og hópmeðferðir og tvinna saman dáleiddslu og orkuheilun. Ég er með námskeið sem heita „Frelsi frá kvíða“ og er einnig með hóp á Facebook en þar býð ég upp á ókeypis fræðslu, dáleiddslur o.fl. Ég skrifaði barnabókina „Litla snareðlan sem gat“ til að hjálpa ungum börnum, sem glíma við kvíða, að velja hugrekkið og hafa trú á sjálfum sér. Kvíði er alvarlegt og algengt vandamál og það er mikilvægt að fólk viti að það er til lausn.“

Er eitthvað sameiginlegt með því að vera lögmaður og dáleiddari?

„Já. Bæði störfín snúast í grunninn um að hjálpa fólki. Um að hjálpa fólki að komast út úr ástandi eða aðstæðum sem veldur fólki vanlíðan og yfir í frelsi og betri líðan. Það er líka það besta við bæði störfín!“

Ef þú þyrftir að velja á milli lögmannskunnar og dáleiddslunnar, hvort yrði fyrir valinu?

„Ég færi í dáleiddsluna út af því að ég sinni því af köllun. Þá á ég ekki endilega við um einstaklings dáleiddslunnar heldur námskeiðin mín. Námskeiðin gefa svo mikið en þótt ég elski lögmannsstarfið og það gangi vel þá munu námskeiðin verða mitt aðalstarf í framtíðinni.“



Ívar Pálsson sjúkraflutningamaður á vakt. Hann lét gamlan draum rætast.

almennu lögfræðinni. Ég ætlaði að stökkva á það en þá hætti einn við að hætta í slökkviliðinu svo ég komst ekki að. Ég fór í prófið í almennunni og náði. Restin er eins og við þekkjum. Ég var reyndar á tímabili í laganáminu að velta fyrir mér að skipta yfir í hjúkrun en hætti við það.“

Hvað ertu búinn að læra?

„Ég er búinn að læra heilmikið um líkamann, einstök líkamskerfi og hvernig á að aðstoða eða bjarga fólki við alls konar aðstæður og áföll. Þetta var töluvert nám í fjarkennslu, um 30 fyrirlestrar, massífur amerískur doðrantur og 5 þriggja daga verklegar lotur. Mjög skemmtilegt nám og frábær hópur sem ég var með. Þá hef ég auðvitað kynnst því hvað við eigum frábært sjúkraflutningafólk hér á Íslandi. Hægt er að bæta við námið framhaldsnámi og svo auðvitað bráðateknanámi. Þetta er frábær þekking að hafa, tala nú ekki um þegar maður er í útivist og veiði og oft langt í aðstoð. Ég hef sjálfur þurft að beita skyndihjálpi nokkrum sinnum, m.a. við málflytning í Hæstarétti. Svona nám veitir manni auðvitað meira öryggi í að bregðast við komi til þess að maður þurfi að gera það aftur.“ Aðspurður kvaðst Ívar spóskur reikna með því að halda áfram í lögmennsku þrátt fyrir hina nýju prófgráðu.



Fjölur Vilhjálmsson segir það sameiginlegt með tónlistarbransanum og lögmennskunni að betra sé að þekkja lögin áður en stigið sé á svið.

í brúðkaupum og afmælum en svo er ég í hinni goðsagnakenndu saumaklúbbshljómsveit Rokkhundunum ásamt æskufélögunum, sem spilar við hin ýmsu tækifæri.“

Þú hefur ekki hugleitt að leggja músíkina fyrir þig?

„Mig skortir bæði vilja og getu til þess en þetta er skemmtilegt áhugamál og var frábært aukastarf þegar ég var í

ÉG ER ... SJÚKRAFLUTNINGAMAÐUR

Ívar Pálsson lögmaður var að ljúka prófi í sjúkraflutningum (EMT) og hefur lokið fjórum vöktum á sjúkrabíl og einni á bráðamóttöku.

Hvað með lögmennskuna, ertu að hætta?

„Maður veit aldrei, ég skilgreini mig ekki endilega út frá því að vera lögmaður. Líklega er ég frekar veiðimaður þó tímanum sé skipt í öfugum hlutföllum.“

Af hverju forstu í þetta nám?

„Ég hef alltaf haft áhuga á sjúkraflutningum og bráðaaðstoð. Á sínum tíma sótti ég um sumarstarf í slökkviliðinu. Ég fór í þrekpróf og uppfyllti öll skilyrði, meirapróf og þess háttar. Þannig hittist á að hefði ég verið tekinn inn þá var þriggja daga námskeið, sem mér hefði verið skylt að taka, haldið þremur dögum fyrir próf í

ÉG ER ... TÓNLISTARMAÐUR

Fjölur Vilhjálmsson lögmaður hjá Lögmönnum Árbæ byrjaði ungur að spila á gítar og vann fyrir sér meðfram námi í lagadeildinni með því að troða upp á hinum ýmsu mannamótum. Þótt framtíðardraumarnir snúist ekki um að slá í gegn og öðlast frægð og frama með gítar í hönd þá finnst honum alltaf gaman að vera beðinn um að „taka í gítarinn“.

„Ég byrjaði að æfa á gítar 13 ára gamall og hef spilað nær daglega síðan. Í gegnum Fannar, tvíburabróður minn, kynntist ég Carli Möller píanóleikara og tónlistarkennara sem kveikti mikinn djass áhuga hjá okkur bræðrum. Upp frá því hófust stífar æfingar við að reyna að apa eftir helstu hetjum á þessu sviði, s.s. Joe Pass, Oscar Peterson og Pat Metheny, o.s.frv. Í framhaldinu vorum við fengnir til að spila í veislum, brúðkaupum og kokteílboðum og þetta vatt upp á sig. Á skólaárunum náði ég að verða mér út um örlítinn vasapening með því að spila sem trúbador á öldurhúsum borgarinnar. Á síðustu árum hef ég verið fenginn til að spila undir borðhaldi eða fyrir dansi s.s.

lagadeildinni. Enn spila ég eitthvað á gítarinn á hverjum degi en það er sammerkt með tónlistinni og lögmenskunni, að betra er að þekkja „lögin“ vel áður en menn ríða á vaðið.“

Tekur þú ennþá að þér „gigg“?

„Já, fyrir vini og vandamenn þótt lítið hafi verið um það á tímum Covid. Reyndar var ég fenginn til að spila á balli hjá KPMG fyrir tveimur árum sem var mjög skemmtilegt. Maður er ekkert að auglýsa sig og ég get ekki sagt að ég sitji við símann og bíði eftir því að fá „góð gig“ þótt það sé alltaf gaman að fá símtalið.“



Arnar Þór Stefánsson bregst strax við hinu óvænta á knattspyrnuvellið jafnt sem í dómssalnum.

ÉG ER ... KNATTSPYRNUDÓMARI

Arnar Þór Stefánsson lögmaður hjá LEX er landsdómari í fótbolta. Hann hefur réttindi til að dæma í öllum deildum en dæmir aðallega í næstefstu deild karla. Á síðasta leikári dæmdi hann um 40 leiki og í sumari stefnir í svipað ef hann verður án meiðsla. Flestir leikirnir eru á sumrin þegar það er rólegra í lögmenskunni en það er helst maímánuður sem er annasamur á báðum stöðum.

Hvernig fer saman að vera lögmaður og knattspyrnuþjálfari?

„Dómgæslan er hvíld frá lögmennsstörfum, ég sóna inn í annan heim í þessar 90 mínútur sem leikurinn stendur og gleymi öllu nema því sem gerist á vellið, þetta er mitt jóga.“

Kemur lögmennsreynslan sér vel á vellið?

„Nei, kannski má segja að dómarsreynslan styðji frekar við lögmennsstarfið þar sem þarf að vera reiðubúinn að bregðast strax við hinu óvænta. En þessi tvö störf eiga það sameiginlegt að maður þarf að kunna að lesa rétt í aðstæður og bregðast hratt við. Auk þess verður maður að standa staffirugur á velli með sama hætti og í dómssal. Það þýðir hvorki að dæma fótboltaleik né flytja mál boginn í baki eða með hálfum hug. Þá hverfur trúverðugleikinn.“

Hefur þú hug á því að reyna fyrir þér sem dómari hjá dómstólunum?

„Ekkert endilega, það heillar mig ekki í augnablikinu.“

EI

BBA // FJELDCO



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA



Lögfræðistofa Reykjavíkur

HLUTFALLS- REGLAN

HUGLEIÐINGAR VEGNA DÓMS HÆSTARÉTTAR Í MÁLI NR. 5/2021



EVA BRYNDÍS HELGADÓTTIR LÖGMAÐUR

Hæstiréttur kvað upp dóm þann 3. júní sl. um svokallaða hlutfallsreglu í váttryggingarétti. Í dóminum var talið að skilmálar tiltekins váttryggingasamnings fjölluðu ekki nægilega skýrlega um regluna þannig að hún gæti gilt við uppgjör úr váttryggingasamningnum. Þótt dómsorð Landsréttar sé staðfest eru forsendur Hæstaréttar töluvert breyttar frá dómi Landsréttar, sem kvað mun sterkar að orði og nálgadist álitaefnið á allt öðrum forsendum. Þá féllst Hæstiréttur á það að umfjöllun Landsréttar um miskatöflur Örorkunefndar frá júní 2019 væri án tilefnis. Þess skal getið að dómur Landsréttar olli ákveðnu uppnámi í framkvæmd Sjúkratrygginga Íslands.

Fordæmisgefandi dómur?

Með dómi Hæstaréttar er tekið af skarið um að beiting hlutfallsreglu í váttryggingamálum er heimil svo fremi sem skilmálar váttryggingarsamnings séu skýrir um að reglunni sé beitt við mat á læknisfræðilegri varanlegri örorku eða miska.

Hæstiréttur tók í dómi sínum enga afstöðu til framkvæmdar Sjúkratrygginga Íslands þar sem dómurinn taldi réttarstöðu aðila váttryggingarsamnings allt aðra en þeirra sem krefjast bóta úr hendi úr lögmæltri slysa- eða sjúklingatryggingu. Má því fullyrða að dómurinn getur ekki talist fordæmisgefandi hvað varðar Sjúkratryggingar Íslands.

Hæstaréttarmálið fjallar afmarkað um tiltekinn váttryggingasamning en ekki um uppgjör á skaðabótakröfu samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá var váttryggingasamningurinn gerður í tíð eldri miskatöflu Örorkunefndar sem hafði ekki að geyma umfjöllun um beitingu hlutfallsreglu. Hæstiréttur vísar til þess í forsendum sínum að í framkvæmd hafi verið litið til danskrar miskatöflu þegar þeirri íslensku sleppir. Í dönsku miskatöflunni er umfjöllun um mat á heildarmiska vegna fjöláverka og að þeir skuli ekki lagðir saman sjálfkrafa heldur skuli það ráðast af mati á því hvort einstakir áverkar magni upp afleiðingar hver annars eða séu óháðir. Hæstiréttur taldi beitingu hlutfallsreglu ekki fá stoð í dönsku miskatöflunni og vísaði til þess að

Hún hefði það almenna viðmið um mat á fjöláverka að meta þyrfti hvort afleiðingar þeirra sköruðust. Sjálfkrafa samlagning án slíks mats ætti sér því ekki stað heldur ætti við skörun einkenna að meta heildarmiska.

Fordæmisgildi dóms Hæstaréttar er því takmarkað við uppgjör í váttryggingasamningi sem var gerður áður en nógildandi miskatöflur Örorkunefndar tóku gildi. Í

því sambandi skal bent á að einungis skal beita dönsku miskatöflunni þegar þeirri íslensku sleppir.

Það verður áhugavert að sjá hvort nógildandi miskatafla og beiting hlutfallsreglu í skaðabótarétti muni koma til kasta dómstóla á næstu misserum.

HIN MEINTA MEGINREGLA Í MATSFRÆÐUM Í MÁLI NR. 5/2021



AGNAR ÞÓR GUÐMUNDSSON LÖGMAÐUR
HAUKUR FREYR AXELSSON LÖGMAÐUR



Hvernig getur 45% varanleg læknisfræðileg örorka (miski) lækkað niður í 38% við uppgjör bóta úr slysatryggingu? Svo hljóðaði spurning frá skjólstæðingi greinarhöfunda, hér eftir A, við uppgjör slysabóta í september 2018 þar sem Vörður tryggingar hf. hafði talið sér heimilt að lækka bætur hans með vísan til svokallaðrar hlutfallsreglu.

A hafði fallið af reiðhjólí á leið sinni til vinnu árið 2015 og orðið fyrir fjöláverkum. Á slysdegi var hann tryggður slysatryggingu launþega hjá Verði. Þegar gagna hafði verið aflað var í samráði við Vörð farið fram á það við matsmann að hann legði mat á varanlegar afleiðingar slyssins. Niðurstaða matsins var sú að A hefði orðið fyrir 45% varanlegri læknisfræðilegri örorku (miska) og var vísað til viðeigandi liða í miskatöflum örorkunefndar frá árinu 2006 því til stuðnings. Í matinu kom einnig fram að ef tekið væri tillit til hlutfallsreglu væri heildar varanleg læknisfræðileg örorka A metin 37%.

Fyrir hönd A var gerð krafa um að hann fengi 45% af bótafjárhæð sem mælt væri fyrir um í váttryggingarskírteini tryggingarinnar í samræmi við matsgerðina. Vörður vildi hins vegar aðeins greiða 38% af bótunum með vísan til hlutfallsreglu og voru rökin þau að um meginreglu í matsfræðum væri að ræða. Greinarhöfundar bentu félaginu á að ekki væri minnst á hlutfallsreglu í skilmálum tryggingarinnar, miskatöflu örorkunefndar eða lögum og því hæpið að um meginreglu væri að ræða. Þann 3. júní síðastliðinn kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu um að Vörður hefði ekki haft heimild til að beita hlutfallsreglu til lækkunar á bótum.

Hlutfallsreglan?

Árið 2017 fór bæklunarlæknir, sem hafði í mörg ár sinnt matsstörfum fyrir tryggingafélögin og Sjúkratryggingar Íslands, að mæla fyrir því að eitthvað væri til sem hétu hlutfallsregla. Hugsunin að baki henni væri sú að varanlega læknisfræðilega örorku (miska) mætti aldrei meta hærra

en 100% eða 100 stig. Hlutfallsreglu bæri einkum að beita við tvenns konar aðstæður. Í fyrsta lagi þegar tjónþoli hefði áður verið metinn eftir slys. Hann væri því ekki 100% þegar hann lenti í nýju slysi og nýja áverkann bæri því að meta sem hlutfall af lægri prósentu en 100%. Hér væri ekki endilega átt við ný meiðsli á sama líkamshluta og áður hefði verið metinn, heldur gætu þetta verið óskyldir líkamshlutar. Í öðru lagi þegar tjónþoli yrði fyrir fleiri en einum áverka í sama slysi. Í slíkum tilfellum yrði að meta hann með þeim hætti að mat eins áverka leiddi til lækkunar mats á öðrum áverkum.

Læknirinn hélt fyrirlestra og skrifaði fræðigrein þar sem því var haldið var fram að hér væri um meginreglu í matsfræðum að ræða og að það væri beinlínis rangt að beita henni ekki við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku (miska). Þó ekki væri á hlutfallsregluna minnst í þágildandi miskatöflum örorkunefndar frá árinu 2006 hefði hún alltaf verið innifalin í þeim. Í kjölfarið fór að bera töluvert á því að í matsgerðum væri að finna tvær matsniðurstöður, þ.e. eina með vísan til miskataflna örorkunefndar og aðra (nánast undantekningarlaust lægri) með vísan til hlutfallsreglu. Það þarf vart að taka það fram en tryggingafélögin hafa almennt talið rétt að gera upp á grundvelli hlutfallsreglu í slíkum tilfellum. Í júní árið 2019 breytti örorkunefnd miskatöflunum og bætti inn í þær kafla um hlutfallsreglu, en töflurnar höfðu verið óbreyttar frá árinu 2006. Virðist umfjöllunin um hlutfallsregluna alfarið fengin að láni úr bandarískum miskatöflum (Guides to the Evaluation of Permanent Impairment), enda er vísað sérstaklega til þeirra. Það má telja gagnrýniverð í ljósi þess að í dómi Hæstaréttar frá 14. mars 2013, í máli nr. 608/2012, var kveðið á um að óheimilt væri að styðjast við bandarískar miskatöflur við mat á varanlegum miska.

Nánar um dóm Hæstaréttar í máli nr. 5/2021

Með dómi sínum í máli nr. 5/2021 staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 825/2019, en þar hafði sýknu héraðsdóms í málinu verið snúið við og fallist á að A ætti rétt á bótum vegna 45% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Í niðurstöðu dóms Hæstaréttar er í fyrsta lagi fjallað um það að heimild til beitingar hlutfallsreglu hefði ekki verið að finna í gildandi kjarasamningi, lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga eða þágildandi miskatöflum örorkunefndar. Vörður hefði samið skilmála tryggingarinnar einhliða og yrði því að bera hallann af því að ekkert í þeim væri til stuðnings málalíbúnaði félagsins um beitingu hlutfallsreglu.

Í öðru lagi er í niðurstöðu dómsins fjallað um það hvort hlutfallsreglan sé meginregla í matsfræðum við mat á miska vegna fjöláverka. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að 2. og 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 styðji ekki beitingu hlutfallsreglu við mat á fjöláverkum þegar samanlagður miski nær ekki 100 stigum. Hæstiréttur vísar svo að því að í framkvæmd hafi verið litið til danskra miskataflna þegar þeim íslensku sleppi. Sú framkvæmd fái bæði stoð í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga sem og dómaframkvæmd Hæstaréttar. Dönsku miskatöflurnar renni ekki stoðum undir hina ætluðu meginreglu um beitingu hlutfallsreglu.

Hvaða ályktanir verða dregnar af dóminum og hver eru hugsanleg áhrif hans?

Greinarhöfundar draga í fyrsta lagi þá augljósu ályktun af dóminum að tryggingafélög geti ekki borið fyrir sig hlutfallsreglu þegar ekki er fyrir hendi skýr heimild fyrir beitingu hennar í skilmálum viðkomandi tryggingar. Það að fram komi í skilmálum að beita megi hlutfallsreglu er að mati greinarhöfunda ekki nóg eitt og sér. Skilgreina verði með nákvæmum hætti hvað hlutfallsregla er, hvenær henni verði beitt og hvenær ekki.

Í öðru lagi draga greinarhöfundar þá ályktun að ekki sé heimilt að beita hlutfallsreglu við mat á fjöláverkum þegar mat fer fram á grundvelli miskatöflu örorkunefndar frá árinu 2006. Eigi þetta hvort heldur við um mat og uppgjör samkvæmt skaðabótalögum eða úr slystryggingu.

Líkt og áður hefur komið fram var hlutfallsreglan færð inn í miskatöflur örorkunefndar í júní 2019. Í dóminum er tekið sérstaklega fram að ekki sé tilefni til að fjalla um lagastöð þeirra miskataflna. Í niðurstöðu dómsins kemur þó einnig skýrt fram að hlutfallsreglan sé ekki meginregla í íslenskum matsfræðum. Einnig segir þar að 2. og 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga geti ekki talist vísbending um að beita beri hlutfallsreglu við mat á fjöláverkum, en umrædd ákvæði hafa að geyma fyrirmæli um það hvernig mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku (miska) fer fram. Þá kemur fram í dóminum að þegar hinum íslensku miskatöflum sleppi beri að líta til danskra miskataflna. Þær miskatöflur bendi ekki til þess að hlutfallsreglan sé meginregla í matsfræðum. Með vísan til þessa má að mati greinarhöfunda færa fyrir því rök að hlutfallsreglu verði heldur ekki beitt þegar mat á fjöláverkum fer fram á grundvelli hinna nýju miskataflna. Þó umfjöllun um hlutfallsreglu hafi verið bætt inn í þær verði að telja vafasamt að hægt sé með því að gjörbreyta áralangri

framkvæmd við mat á miska, enda sé slík grundvallar breyting ekki í samræmi við skaðabótalög.

Dómurinn í máli nr. 5/2021 kann að hafa töluvert almennt gildi í ljósi þess að undanfarin ár hafa tryggingafélögin ítrekað borið fyrir sig hlutfallsreglu til lækkunar bóta. Í það minnsta í þeim tilfellum þar sem metið hefur verið eftir miskatöflum örorkunefndar frá árinu 2006 og bætur verið lækkaðar með vísan til hlutfallsreglu kunna einstaklingar að eiga rétt á bótum sem nema lækkuninni.

Til stuðnings áfrýjunarbeiðni sinni til Hæstaréttar lagði Vörður fram bréf frá Sjúkratryggingum Íslands. Í því bréfi kom fram að stofnunin hefði beitt hlutfallsreglu við ákvörðun um varanlega læknisfræðilega örorku allt frá árinu 2012. Stofnunin liti á hlutfallsregluna sem meginreglu

í matsfræðum og henni væri ávallt beitt við ákvörðun um varanlega læknisfræðilega örorku og miska. Nú hefur Hæstiréttur eins og áður segir kveðið upp dóm þess efnis að hlutfallsreglan sé ekki meginregla í matsfræðum. Í ljósi eðlis og tilgangs slysatrygginga almannatrygginga telja greinarhöfundar að stofnuninni sé skylt að endurupptaka að eigin frumkvæði þau mál þar sem hlutfallsreglu hefur verið beitt, sbr. einkum 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1999.

Þá er það von greinarhöfunda að dómur Hæstaréttar í máli nr. 5/2021 verði til þess að matsmenn í líkamstjónamálum hverfi af þeirri braut að lækka mót sín með vísan til „reglu“ sem Hæstiréttur hefur kveðið skýrt á um að er ekki meginregla í matsfræðum.

GÖNGUFERÐ FÉLAGSDEILDAR LMFÍ LAUGARDAGINN 14. ÁGÚST 2021

GRÆNAHRYGGUR

FÉLAGSDEILD LMFÍ STENDUR FYRIR GÖNGU Á GRÆNAHRYGG LAUGARDAGINN 14. ÁGÚST 2021 FYRIR FÉLAGSMENN OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

Lagt verður af stað frá Reykjavík kl. 7.00 að morgni á eigin jeppum að Kirkjufelli við Kýlingavatn nærri Landmannalaugum. Þeim sem ráða ekki yfir slíkum bílakosti verður reynt að útvega far.

Gangan

Gangan er um 15 km löng og tekur um 6-8 klukkustundir. Gengið verður inn og uppúr Halldórsgili og síðan niður í Jökulgilið en vaða þarf Jökulgilskvíslina a.m.k. fjórum sinnum áður en komið er að hinum stórkostlega Grænahrygg. Best er að taka léttu gönguskó, t.d. íþróttaskó sem mega blotna, til að ganga í síðustu kílómetrana þegar jökulkvíslarnar eru þveraðar. Gangan er krefjandi og gerð er sú krafa til þátttakenda að þeir séu í góðu gönguformi. Gott viðmið er að geta gengið upp að Steini á Esju á einni klukkustund.

Kostnaður kr. 12.000,- fyrir félagsmenn félagsdeildar og fjölskyldur en kr. 18.000,- fyrir aðra.

Skráning á www.lmfi.is





Óttar Pálsson fylgdi tillögum siðareglunefndar úr hlaði en Kristín Edwald stýrði fundi af röggsemi.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á CODEX ETHICUS

Föstudaginn 21. maí síðastliðinn fór fram félagsfundur í Lögmannafélaginu þar sem kynntar voru tillögur siðareglunefndar félagsins sem hafa verið í vinnslu frá árinu 2016. Nefndinni var falið að yfirfæra reglurnar frá grunni, m.a. með reglur CCBE til hliðsjónar, og koma nýjum og heildstæðum ákvæðum um nokkur mikilvæg atriði inn sem snúa að þagnarskyldu, lögmannspóknun, hagsmunaárekstrum og endurmenntun svo dæmi sé tekið.

Tillögurnar voru sendar til félagsmanna fyrir fundinn en Óttar Pálsson formaður siðareglunefndar, fylgdi þeim úr hlaði. Auk hans komu Viðar Lúðvíksson, Ásgerður Ragnarsdóttir, Eva Halldórsdóttir og Gizur Bergsteinsson að gerð tillagnanna. Þess má geta að fundartími þótti óheppilegur svo skömmu fyrir hvítasunnu og því var ákveðið að fresta atkvæðagreiðslu um tillögurnar. Hér á eftir verður fjallað um tillögurnar ásamt þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum.

Þagnarskylda

Til að varpa skýrara ljósi á hvað felst í þagnarskyldu lögmannna er lagt til að 6. grein gildandi siðareglna verði felld niður en breyta og bæta við 17. grein. Með þessu er ekki verið að breyta eðli eða inntaki trúnaðar- og þagnarskyldu lögmannna heldur verið að áréttta að lögmaður sé bundinn þagnarskyldu gagnvart skjólstæðingi sínum og það gildi um öll lögmannsstörf, hvort um sé að ræða rekstur dómsmála eða önnur verkefni. Þá er árétttað að allar upplýsingar um skjólstæðing, eða málefni hans, sem lögmaður verður áskynja í starfi sínu séu háðar þagnarskyldu og hún gildi ótímabundið. Undantekningar á þagnarskyldu snúa að skýlausu lagaboði; endanlegri dómsúrlausn í þágu skjólstæðings eða að hans ósk, enda standi lög því ekki í vegi. Eins er gert ráð fyrir undanþágu frá þagnarskyldu í ágreiningsmálum milli lögmanns og skjólstæðings séu upplýsingarnar nauðsynlegar málarekstrinum.

Á fundinum gerði Marteinn Másson athugasemd við að 6. gr. yrði felld brott, enda væri ákvæðið þörf og ágæt brýning til lögmannna um að fara varlega með upplýsingar í starfi sínu. Gerði Marteinn að tillögu sinni að ákvæðið yrði látið standa óbreytt. Þá taldi Marteinn að skoða þyrfti betur 5. mgr. 17. gr., þar sem fjallað er um í hvaða tilvikum lögmanni er heimilt að miðla áfram upplýsingum. Leggja þyrfti meiri áherslu á að það yrði að vera háð mati lögmannsins þar sem skjólstæðingur gæti verið undir þrýstingi. Óttar Pálsson svaraði því til að nefndin hefði viljað tryggja samræmi í notkun hugtaka og til dæmis ekki nota orðið „trúnaðarskylda“ í grein sem fjallaði sérstaklega um þagnarskyldu.

Þóknun

Mörg mál sem úrskurðarnefnd lögmannna fær til meðferðar lúta með einum eða öðrum hætti að ágreiningi um þóknun. Nokkrar af fyrri greinum siðareglna fjölluðu um þóknun lögmannna en í tillögum siðareglunefndar hafa þær verið felldar undir sömu grein til að skýra og skerpa inntak þeirra. Í tillögunni er talið upp hvað sé mat á hæfilegri þóknun fyrir störf lögmannna með tilliti til umfangs og eðlis máls, undirliggjandi hagsmuna, þýðingu fyrir

Þær greinar siðareglna varðandi þagnarskyldu sem lagt er til að breyta:

6. gr. Upplýsingum, sem lögmaður fær í starfi, skal haldið frá óviðkomandi, þótt lögboðin þagnarskylda banni ekki. Þá reglu skal lögmaður brýna fyrir starfsfólki sínu.

– **Fellur niður.**

17. gr. [1] Lögmaður skal aldrei án endanlegs dómsúrskurðar, sem beint er að honum sjálfum, eða skýlauss lagaboðs, láta óviðkomandi aðilum í té gögn og upplýsingar, sem lögmaður hefur fengið í starfi um skjólstæðing sinn eða fyrirverandi skjólstæðing. [2] Sama gildir um fulltrúa lögmanns og annað starfslið svo og félagalögmanns að lögmannsskrifstofu og starfslið hans. [3] Lögmaður getur að beiðni skjólstæðings afhent gögn þau eða upplýsingar, sem um getur í 1. mgr., enda krefjist augljósir hagsmunir skjólstæðings þess. [4] Trúnaðarskyldan helst þótt verki sé lokið.

– **Fellur niður en í staðinn orðast greinin svo:**

[1] Lögmaður er bundinn þagnarskyldu gagnvart skjólstæðingi sínum vegna starfa sinna. [2] Þagnarskyldan gildir ótímabundið. [3] Allar upplýsingar um skjólstæðing eða málefni hans sem lögmaður tekur við eða verður áskynja í starfi eru háðar þagnarskyldu óháð því hvaðan upplýsingarnar eru komnar. [4] Öll skjöl og önnur gögn sem lögmaður útbýr eða afhendir skjólstæðing sínum eru háð þagnarskyldu. [5] Þrátt fyrir þagnarskyldu er lögmanni heimilt að miðla upplýsingum sem ella væru háðar þagnarskyldu: a) Á grundvelli skýlauss lagaboðs eða til að verða við endanlegri dómsúrlausn; b) Í þágu skjólstæðings eða að hans ósk enda standi lög því ekki í vegi; eða c) Í ágreiningsmálum milli lögmanns og skjólstæðings enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar málarekstrinum. Málarekstur á hér við um ágreiningsmál sem rekin eru fyrir dómstólum, gerðardómi, stjórnvöldum, úrskurðarnefnd lögmannna eða öðrum. [6] Lögmaður skal gera tilhlýðilegar ráðstafanir til að tryggja að löglerðir fulltrúar sem starfa í hans umboði, starfsfólk á lögmannsstofu hans eða aðrir sem hann leitar til eða á samstarf við í tengslum við lögmannsstörfina gæti þagnarskyldu með sama hætti.

LOGOS

Reykjavík · London



skjólstæðing, árangurs, þess tíma sem krafist er að varið sé í mál af hálfu lögmanns, sérhæfingar hans og þeirrar ábyrgðar sem starfanum fylgir. Einnig er kveðið á um að lögmanni sé heimilt að áskilja sér þóknun í hlutfalli við fjárhagslegan ávinning af málarekstri í samræmi við ákvæði í 24. lögmannalaga, að lögmaður skuli upplýsa skjólstæðing sinn á hvaða grundvelli þóknun er reiknuð og gera honum grein fyrir hver kostnaður af máli gæti orðið í heild sinni. Þá er lögmanni óheimilt að krefjast fyrirframgreiðslu umfram það sem ætla má að verði hæfileg þóknun vegna starfans.

Í núgildandi siðareglum fjallar 1. mgr. 10. gr. ekki um þóknun, eins og hinar greinarnar sem á eftir koma, heldur um skyldu lögmannna til að gefa skjólstæðingum hlutlægt mat á málum. Í athugasemdum Marteins Mássonar um efnið taldi hann óheppilegt að fella ákvæðið alfarið úr siðareglunum og lagði til að það yrði fært undir 8. gr. Óttar upplýsti að komið hafi til álita að halda þessu ákvæði inni: „... en niðurstaðan var sú að það, að lögmaður gefi skjólstæðingi hlutlægt álit, sé ekki skylda sem þjóni tilgangi í siðareglum. Lögmanni ber að gæta þagmælsku og trúmennsku við skjólstæðing og sinna starfi af einurð, svo það þjónar engum sjálfstæðum tilgangi að hafa hlutlægt álit í reglunum,“ sagði hann. Marteinn var ósammála og sagði þetta mikilvægt ákvæði.

Hagsmunaárekstrar

Bann við hagsmunaárekstrum í störfum lögmannna er nátengt trúnaðar- og þagnarskyldu þeirra og jafnframt kröfu um sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Bannið er mikilvæg forsenda þess að nægilegt traust geti ríkt milli lögmanns og skjólstæðings en með tillögu siðareglunefndar er einkum leitast við að útfæra hvað felst í þessu banni, lögmonnum til leiðbeiningar. Lögmaður skal til dæmis ekki fara með hagsmuni skjólstæðings ef hagsmunir þeirra rekast á eða hagsmunir skjólstæðings fer í bága við trúnaðarskyldu hans gagnvart fyrrverandi skjólstæðingi.

Þá er lagt til að reglan meini ekki lögmanni/lögmannsstofu að sinna störfum fyrir tvo eða fleiri skjólstæðinga þótt hagsmunir kunni að rekast á í einhverju tilliti, s.s. vegna samkeppni þeirra á milli. Í slíkum tilvikum er í ákvæðinu gerður áskilnaður um að lögmaður afli upplýsts samþykkis málsaðila þrátt fyrir árekstur hagsmuna.

Marteinn kallaði eftir upplýsingum um hverra hagsmuna verið væri að gæta með því að leggja til þessar breytingar á 11. gr. Velti hann því upp hvaða hagsmunir kölluðu á þessa grundvallarbreytingu á skyldum lögmannna

Sú grein siðareglna varðandi þóknun sem lagt er til að breyta:

10. gr. [1] Lögmaður skal ætíð gefa skjólstæðingi hlutlægt álit á málum hans. [2] Lögmanni ber að gera skjólstæðingi grein fyrir áætluðum verkkostnaði og öðrum málskostnaði eftir föngum, og vekja athygli hans, ef ætla má, að kostnaður verði hár að tiltölu við þá hagsmuni, sem í húfi eru. Lögmanni ber að gera skjólstæðingi grein fyrir á hvaða grundvelli þóknunin er reiknuð. [3] Lögmanni ber að leita samþykkis skjólstæðings, ef fela þarf mál hans öðrum lögmanni. Sama gildir að jafnaði, ef leita þarf annarrar sérfræðiaðstoðar, svo sem mats eða skoðunarmanna, ef verulegur kostnaður er því samfara. [4] Lögmanni ber að vekja athygli skjólstæðings á möguleika á gjafsóknarheimild eða annarri opinberri réttaraðstoð þar sem það á við.

- Í stað 1. og 2. mgr. er lagt til að komi fimm nýjar málsgreinar:

[1] Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín. Við mat á því hvað telst hæfileg þóknun er m.a. heimilt að líta til umfangs og eðlis máls, undirliggjandi hagsmuna, þýðingar fyrir skjólstæðing, árangurs, þess tíma sem krafist er að varið sé í mál af hálfu lögmannsins, sérhæfingar hans og þeirrar ábyrgðar sem starfanum fylgir. [2] Lögmanni er heimilt að áskilja sér þóknun í hlutfalli við fjárhagslegan ávinning af málarekstri. [3] Lögmaður skal upplýsa skjólstæðing sinn um á hvaða grundvelli þóknun er reiknuð. [4] Lögmaður skal leitast við að gera skjólstæðingi sínum grein fyrir hver kostnaður af máli gæti orðið í heild sinni. [5] Lögmanni er óheimilt að krefjast fyrirframgreiðslu úr hendi skjólstæðings síns umfram það sem ætla má að verði hæfileg þóknun vegna starfans.

- Þá er lagt til að orðin „að jafnaði“ falli brott úr 2. málsl. 3. mgr. sem verður 6. mgr. og orðast svo:

[6] Sama gildir ef leita þarf annarrar sérfræðiaðstoðar, svo sem mats- eða skoðunarmanna, ef verulegur kostnaður er því samfara.

Þá er lagt til að orðið „opinberri“ falli brott úr 4. mgr. sem verður 7. mgr.

gagnvart skjólstæðingum sínum og kvaðst uggandi vegna undantekningar í 4. mgr. tillagnanna sem heimila lögmanni að gæta hagsmuna tveggja eða fleiri skjólstæðinga: „Ég óttast að verið sé að opna fyrir mörg vandamál og álitaefni sem upp geta komið í samskiptum lögmannna við skjólstæðinga. Hvað þarf lögmaðurinn að upplýsa skjólstæðinginn um svo hann samþykki að hann gæti hagsmuna gagnaðila?“ spurði Marteinn og taldi vandmeðfarið að tryggja að skjólstæðingar fengju fullnægjandi upplýsingar til að geta

Grein er varðar hagsmunaárekstra sem lagt er til að breyta:

11. gr. [1] Lögmaður má ekki fara með hagsmuni tveggja eða fleiri skjólstæðinga í sama máli, þegar hagsmunir þeirra eru andstæðir eða veruleg hættu er á slíku. Ákvæðið hindrar þó ekki að lögmaður leiti sátta með deiluaðilum, með samþykki beggja. [2] Lögmaður skal jafnframt varast að taka að sér nýjan skjólstæðing, ef hagsmunir hans og þeirra skjólstæðinga lögmannsins, sem fyrir eru, fá ekki samrýmst eða hættu getur verið á slíku. Sama gildir um lögmann sem hafa samstarf um rekstur lögmannsstofa eða reka lögmannsstofu í félagi.

- Í staðinn myndi greinin orðast svo:

[1] Lögmaður skal ekki aðstoða eða fara með hagsmuni tveggja eða fleiri skjólstæðinga í sama máli ef hagsmunir þeirra rekast á, eða fara með hagsmuni skjólstæðings ef hagsmunir skjólstæðingsins rekast á við hagsmuni lögmannsins, nema ákvæði 4. mgr. eigi við. Hið sama gildir ef veruleg hættu er á hagsmunaárekstrum. [2] Lögmaður skal ekki fara með hagsmuni skjólstæðings þannig að fari í bága við trúnaðarskyldu hans gagnvart fyrrverandi skjólstæðingi. [3] Lögmanni er á hverjum tíma skylt að leggja mat á hættu á hagsmunaárekstrum. [4] Lögmanni er heimilt að aðstoða eða fara með hagsmuni skjólstæðinga þrátt fyrir hagsmunaárekstra eða mögulega hagsmunaárekstra í skilningi 1. mgr. ef: (a) skjólstæðingarnir hafa gefið upplýst samþykki sitt; og (b) gerðar eru tilhlýðilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að brotið sé gegn trúnaðarskyldu lögmannsins; og (c) lögmaðurinn metur það svo að hagsmunaárekstrar eða mögulegir hagsmunaárekstrar komi ekki í veg fyrir að hann gæti hagsmuna skjólstæðinganna af einurð. [5] Komi upp hagsmunaárekstrar í störfum lögmanns eða skilyrði 4. mgr. eru ekki lengur fyrir hendi skal lögmaður án tafar gera ráðstafanir til úrbóta, eftir atvikum með því að láta af viðkomandi störfum fyrir þá skjólstæðinga sem í hlut eiga. [6] Ákvæðum þessarar greinar skal beitt um lögmann sem reka lögmannstofu í félagi eða hafa með sér annars konar samstarf um rekstur lögmannsstofu.

veitt slíkt samþykki. Þá væri freistnivandi til staðar þar sem hættu væri á að lögmaður yrði fyrir þrýstingi af hendi eins skjólstæðings og léti hagsmuni hinna til hliðar: „Með þessari tillögu er verið að opna Pandórubox þar sem þær nánast gengisfella mikilvægan þátt í trúnaðarskyldum lögmannna og eru óheppilegar fyrir ásýnd stéttar,“ sagði hann og lagði til að 4. mgr. yrði felld út.

Óttar svaraði því til að markmið nefndarinnar væri að útbúa betri leiðbeiningar gegn hagsmunaárekstrum fyrir

Grein er varðar lögmannsstofur sem lagt er til að breyta:

38. gr. [1] Lögmaður ber persónulega ábyrgð á lögmannsstörfum sínum og fulltrúa sinna. [2] Við firmanafn lögmannsskrifstofu skal ávallt tilgreina fullt nafn og starfstítl þess eða þeirra lögmannna, sem hana eiga og ábyrgð bera á lögmannsstörfum hennar. [3] Firmanafn lögmannsskrifstofu má ekki gefa í skyn að þar sé veitt nein önnur þjónusta en lögmanns- og fasteignaþjónusta. [4] Lögmaður skal tilkynna stjórn LMFÍ hverjir séu eigendur félags um rekstur lögmannsstofu. [5] Skal lögmaður sérstaklega gæta þess, að óheimilt er að stunda lögmannsstörf nema á skrifstofu, sem rekin er af lögmanni, sbr. 19. gr. laga um lögmann, nr. 77/1998, nema undanþága hafi verið veitt skv. 12. gr. laganna.

Lagt er til að 1. mgr. 38. gr. falli brott og í stað 2. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Hafi lögmann með sér félag um rekstur sinn er þeim skylt að hafa aðgengilegar upplýsingar um hverjir eru eigendur félagsins og bera ábyrgð á lögmannsstörfum sem unnin eru á þess vegum. Slíkar upplýsingar skulu liggja fyrir á starfsstöð eða birtar á heimasíðu félagsins. Í stað orðanna „lögmanns- og fasteignaþjónusta“ í 3. mgr. 38. gr. kemur „lögmannsþjónusta“. Orðið „stjórn“ fellur brott úr 4. mgr. 38. gr. 5. mgr. 38. gr. fellur brott.

lögmann. Hann tók ekki undir að ákvæðið væri óskýrara en í gildandi siðareglum né að það fæli í sér vægari vernd. Í ljósi smæðar landsins væri ekki rétt að taka alfarið fyrir að lögmann á sömu stofu gættu hagsmuna mótherja ef að skjólstæðingar sættu sig við það: „Ef að lögmaður getur ekki tryggt það, og aflað upplýsts samþykkis, þá gæti hann ekki sinnt hagsmunagæslunni,“ sagði hann.

Um lögmannsstofur

Siðareglunefnd þótti ástæða til að áréttta það að siðareglur lögmannna gilda jafnt um lögmann innan fyrirtækja sem sjálfstætt starfandi. Eins var lagt til að fella á brott ákvæði um að firmanafn lögmannsstofu skuli tilgreina fullt nafn og starfstítl þess lögmanns eða lögmannna sem hana eiga enda illframsæmanlegt. Í staðinn er lagt til að lögmann skuli hafa aðgengilegar upplýsingar um hverjir séu eigendur lögmannsstofa og beri ábyrgð á lögmannsstörfum sem unnin eru á vegum þeirra.

Endurmenntun

Lagt er til að við 40. gr. bætist ný grein um að lögmanni sé

skylt að viðhalda fræðilegri þekkingu og faglegri hæfni og tryggja að löglærðir fulltrúar hans fái viðeigandi þjálfun og leiðsögn í starfi.

Áslaug Björgvinsdóttir fagnaði þessu ákvæði og sagði mikilvægt að áréttu skyldu lögmannna til endurmenntunar. Þá óskaði hún eftir því að félagið héldi námskeið um efnið: „Við þurfum að ræða meira siðferði, heilindi, hollustu og hagsmunatengsl,“ sagði hún. Óttar var sammála því að kynna þyrfti siðareglur fyrir félagsmönnum til að viðhalda þekkingu á þeim. Nú væru þær hluti af prófi til héraðsdómsréttinda en mikilvægt væri að kynna þær reglulega.

Viðskiptavinir

Lagt er til að bætt verði við 42. gr. siðareglna ákvæði um að lögmanni sé óheimilt að afla sér viðskipta með því að nýta sér viðkvæmar aðstæður einstaklings, og beita einstakling þrýstingi eða hótunum.

Siðareglur girða ekki fyrir að lögmennt auglýsi þjónustu sína skv. 42. gr. en nokkuð hefur borið á því að lögmennt gefi sig út fyrir að vera sérfræðingar á sviðum þar sem vafasamt er að sérfræðipækkingar gæti í raun. Því þykir siðareglunefnd rétt að áréttu bann við því. Þá er lagt til að lögmenntum verði óheimilt að afla sér viðskipta með því að nýta sér viðkvæmar aðstæður einstaklinga, svokallað „ambulance chasing“, enda samrýmist slík háttsemi illa þeim siðferðiskröfum sem gerðar eru til lögmannna. Þá er einnig gerð tillaga um að bannað verði að beita einstaklinga þrýstingi eða hótunum í því skyni að fá þá til að óska eftir að nýr verjandi verði skipaður eða tilnefndur.

Þorgils Þorgilsson velti fyrir sér hvernig hægt yrði að greina á milli hvenær lögmaður væri að notfæra sér viðkvæmar aðstæður einstaklinga: „Hvar verður línan? Má lögmaður ekki bjóða fram aðstoð sína?“ spurði hann og taldi ómögulegt fyrir úrskurðarnefnd að greina þarna á milli. Þá velti hann fyrir sér hvort siðareglunefnd væri að gefa gróusögum hátt undir höfði með því að ýja að því að lögmennt væru að beita þvingunum og hótunum um ofbeldi svo að menn skiptu um verjanda.

Óttar svaraði því til að erfitt gæti orðið að leggja mat á hvenær aðstaða væri misnotuð við verkefnaöflun en ákvæðið væri sett inn til brýningar við lögmennt um að við ákveðnar aðstæður beri þeim að fara varlega. Hann vonaði jafnframt að slík mál kæmu aldrei fyrir úrskurðarnefnd. Það sama ætti við um hótanir og þvinganir: „Þetta ákvæði



Marteinn Másson gerði athugasemdir við tillögur siðareglunefndar.

felur ekki í sér að skjólstæðingur segi upp verjenda sem hann hefur og óski eftir öðrum tilnefndum. Ákvæðið tekur eingöngu á óeðlilegum afskiptum lögmanns,“ sagði hann.

Önnur ákvæði

Aðrar breytingartillögur voru til dæmis í 8. gr. þar sem fram kemur að lögmaður skuli gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna af *einurð* en talsvert var rætt um það orð á fundinum og hvort ekki væri heppilegra að nota orðið *heilindi*.

Þá er lagt er til að bæta 43. gr. siðareglna þannig að skýrt sé kveðið á um heimild úrskurðarnefndar lögmannna til að finna að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns, veita honum áminningu eða beita strangari viðurlögum. Slík heimild á sér stoð í 27. gr. lögmannalaga en er ekki orðuð í gildandi siðareglum og einnig er lagt til að skýrt verði kveðið á um að siðareglur bindi alla lögmennt hvort sem þeir starfi á grundvelli undanþágu eða ekki.

Fleiri breytingartillögur eru gerðar á siðareglum lögmannna sem ekki verður nánar farið út í hér en áhugasamir lögmennt geta lesið þær í tölvupósti sem þeir fengu fyrir fundinn. Stefnt er að því að taka upp þráðinn á haustmánuðum og ræða nánar breytingartillögur siðareglunefndar félagsins.

EI

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Ómar Örn Bjarnþórsson

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík, sími: 412-2800

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Almar Þór Möller

Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, sími: 414-4100

Gunnar Viðar

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 590-2600

Ómar R. Valdimarsson

Lögmannsstofan Valdimarsson, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, sími: 861-3100

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Alexander Hafþórsson

Réttur – Aðalsteinsson & Partners, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, sími: 547-2000

Anna Krístrún Einarsdóttir

Digna lögmannsstofa slf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 822-7293

Eva Hauksdóttir

SP lögmann, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík, sími: 563-1800

Jónatan Hróbjartsson

Jónatansson & Co. lögfræðistofa, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, sími: 533-3434

Kristín Edda Frímansdóttir

LOGOS slf., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sími: 540-0300

Oddur Valsson

Kvika banki, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sími: 540-3200

Orri Heimisson

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, sími: 412-2800

Rakel Jensdóttir

Embætti ríkislögmanns, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík, sími: 545-8484

Sigmar Aron Ómarsson

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 590-2600

Tómas Aron Viggósson

LOGOS, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sími: 540-0300

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Kjartan Vilhjálmsson

TM tryggingar hf., Síðumúla 24, 108 Reykjavík, sími: 515-2000

BREYTING Á VINNUSTAÐ

Daði Ólafsson

Novum lögfræðipjónusta, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, sími: 698-3400

Hafsteinn Viðar Hafsteinsson

Lögheimtan, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, sími: 440-7800

Helgi Bergmann

Lögspeki ehf., Lágmúli 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

Jón Fannar Ólafsson

Lögmenn Norðurlandi, Hafnarstræti 94, 2. hæð, sími: 422-2800

Margrét S. Hafsteinsdóttir

Atlas lögmenn, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, sími: 416-4600

María Hrönn Guðmundsdóttir

OPUS lögmenn, Austurstræti 12A, 101 Reykjavík, sími: 415-2200

Steinbergur Finnbogason

LÖGSTOFA STEINBERGS FINNBOGASONAR, Lækjargötu 4, 101 Reykjavík

NÝTT HEIMILISFANG

Ásgeir Helgi Jóhannsson

AFL lögmenn, Mörkinni 3, 2. hæð, 108 Reykjavík, sími: 841-1559

Björgvin Þórðarson

Atlas lögmenn/ Bótaréttur, Suðurlandsbraut 24, sími: 416-4600

Guðjón Ólafur Jónsson

Slysabætur ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 588-0188

Hallgrímur Jónsson

PACTA lögmenn/Lögheimtan, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri, sími: 440-7900

Harpa Hörn Helgadóttir

Atlas lögmenn/ Bótaréttur, Suðurlandsbraut 24, sími: 416-4600


Hrafnkell Oddi Guðjónsson

Slysabætur ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 588-0188

Hrannar Hafberg

LMN ehf., Skeifunni 4, 2. Hæð, 108 Reykjavík, sími: 771-6390

PRENTUN

Litla  **prent**

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - www.litlaprent.is



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR



GARÐAR GARÐARSSON ER FÆDDUR 5. NÓVEMBER 1944. HANN LAUK CAND.JURIS FRÁ HÍ 1971, VAR Í SÉRNÁMI Í ALÞJÓÐLEGUM VIÐSKIPTARÉTTI VIÐ UNIVERSITY OF MINNESOTA Í MINNEAPOLIS 1983-1984, TÓK PRÓF Í REKSTRARFRÆÐUM FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1995 OG LAUK ÞAR FRAMHALDSNÁMI 2001-2002. ÞÁ VAR GARÐAR LÖGGILTUR FASTEIGNA- OG SKIPASALI UM ÁRABIL.

GARÐAR VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR 1973 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 1984. HELSTU SÉRVIÐ GARÐARS ERU SAMNINGSGERÐ OG SAMNINGARÉTTUR, STJÓRNSÝSLURÉTTUR, FÉLAGARÉTTUR, VIÐSKIPTARÉTTUR OG STJÓRN FISKVEIÐA. GARÐAR SAT Í STJÓRN LMFÍ 1982-1983.

ER HÆTTUR Á BRÁÐAVAKTINNI

Þann 31. maí síðastliðinn hætti Garðar Garðarsson í lögmennsku eftir 50 ára starf. Nákvæmlega upp á dag. Hann hóf rekstur eigin málflytningsskrifstofu í Keflavík 1. júní 1971, þá nýútskrifaður, en árið 1980 fór hann í félag við Vilhjálm H. Vilhjálmsson lögmann. Síðar opnuðu þeir útibú í Reykjavík, fengu svo fleiri lögmenn til liðs við sig og stofnuðu lögmannsstofuna Landslög sem hefur um árabíl verið ein af stærstu lögmannsstofum landsins. Garðar, sem á einkar farsælan feril að baki, segir listina að byggja upp farsæla lögmannsstofu að raða miklu hæfara fólki í kringum sig. Nú tekur nýr tími við hjá Garðari sem segist í gríni vera hættur á bráðavaktinni, sem lögmannsstarfið krefst, og ætla að einbeita sér að því að ala upp köttinn.

„Ég taldi það góðan tímapunkt að hætta lögmannsstörfum hálfri öld eftir að ég opnaði eigin lögmannsstofu, sagði Garðar þegar blaðamenn Lögmannablaðsins bönkuðu upp á skömmu fyrir starfslokinn; „ég er þó ekki alveg sestur í helgan stein því ég á eftir að ljúka ýmsum málum og sit enn í stjórnnum nokkurra fyrirtækja.“

Hvers vegna fórst þú að læra lögfræði?


„Það var bara vel ígrunduð ákvörðun sem ég tók á síðasta ári í menntaskóla. Ég er stúdent úr stærðfræðideild og var að velta fyrir mér að fara í verkfræði en það var eitthvað sem dró mig að lögfræðinni.“

Hvað kom til að þú opnaðir strax lögmannsstofu að loknu námi?

„Þetta tækifæri kom upp í hendurnar á mér en ég keypti aðstöðu af fyrrverandi fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík. Ég hafði ekki unnið á lögmannsstofu með námi en einkaréttur lögmanna náði ekki til Keflavíkur á þessum tíma. Benedikt Blöndal, sem var formaður Lögmannafélagsins, var mér innan handar en hann var afskaplega hjálplegur og elskulegur. Síðan aflaði ég mér lögmannsréttinda.“

Hefur eðli starfsins breyst á hálfri öld?

„Já, bæði verkefnið og allt starfsumhverfið. Þegar ég byrjaði þá var til ein ljósritunarvél í allri Keflavík. Þegar gerðir voru



langir og flóknir samningar, sem var t.d. í skipasölu sem ég sinnti mikið á þessum tíma, þá þurfti að vélrita allt aftur ef það þurfti að breyta einni tölu. Svo voru örfáar konur í lögmannastéttinni og þær sinntu aðallega fjölskyldumálum, sífjamálum og slíku. Það er mjög ánægjulegt að konur hafa á undanföllum áratugum fundir sér starfsvettvang í lögmenntu Lögmannsstofunnar hafa líka stækkað og viðskiptalífið kallar eftir aukinni þjónustu. Sérhæfingin er orðin mjög mikil.“

Kom heim með nýja sýn

Þú fórst í framhaldsnám til Minnesota árið 1983-1984 í alþjóðlegum viðskiptarétti, tókst próf í rekstrarfræðum frá HÍ 1995 og varst í framhaldsnámi þar 2001-2002. Af hverju lagðir þú áherslu á rekstur og viðskipti í þinni framhaldsmenntun?

„Ég hef alla tíð sinnt viðskiptalífinu, áhugasviðið lá þar sem kannski sýnir að ég hafi verið á rangri hillu í 50 ár,“ segir Garðar kíminn: „Ég sótti nám í alþjóðlegum viðskiptarétti þegar ég fylgdi eiginkonu minni út í doktorsnám til Minnesota. Samnemendur mínir þar úti voru allir að stefna á að vera með tvær háskólagráður og ég kom hreinlega aftur heim með nýja sýn. Ég fór meðal annars upp í háskóla

og ræddi við stjórnendur lagadeildar um að bjóða upp á fjölbreyttara laganám og að lagaprófinu yrði skipt upp í BA og meistaraþráðu. Það raungerðist ekki fyrr en tæplega 20 árum síðar.

Þetta nám styrkti mig í að sinna fyrirtækjalögfræði en ég kynntist líka tölvunum á þessum tíma lagði mikla áherslu á að kynna mér þá nýjung. Síðan þá hafa hugbúnaðarfyrirtæki verið áhugamál hjá mér og ég setið í stjórnnum nokkurra þeirra.“

Þú komst að þjálfun íslenska liðsins í norrænu málflytningakeppninni um árabil, hvernig kom það til?

„Við Vilhjálmur höfðum þá hugsjón að okkur bæri að sinna kennslu og vorum mjög duglegir alla tíð að taka laganema á kúrsus. Það vantaði upphaflega lögmann til að aðstoða laganemana og ég gerði það fyrstu fjögur árin sem var mjög gaman. Næstu 20 árin hlustaði ég á þau æfa sig fyrir málflytninginn og gaf góð ráð. Ég held að þessi málflytningakeppni hafi opnað alveg nýja umræðu um mannréttindamál á Íslandi og varð smám saman almennur partur af lögfræðinni hérna.“

Réttarkerfið

Garðar segir réttarkerfið á Íslandi í dag vera mjög gott en hefur áhyggjur af því hve miklar mannbreytingar eru í dómstólunum. „Það er barist um að komast inn í dómarastörf og almennt eru umsækjendurnir úr hópi hæfustu lögfræðinga og það er bara af hinu góða. Ég tel mjög mikilvægt að dómarar komi ekki bara úr fræðimennsku heldur líka úr lögmannsstétt og hafi góða reynslu af viðskiptalífinu.“

Þú hefur aldrei íhugað að sækja um dómarastöðu?

„Það hefur nú komið fyrir að mér hafi verið benti á lausarstöður en það hefur ekki komið til þess. Ég hef verið dómari í einstökum málum fyrir héraði og einu sinni í Hæstarétti og fannst það fróðlegt og nauðsynlegt líka. Ég lærði þá að undirbúa málið betur fyrir dómarann. Svo hef ég líka stýrt mörgum gerðardómum og var formaður Kjaradóms sáluga. En það á enginn að vera í lögmennskunni lengur en til fimmtugs, fólk á að gera eitthvað að viti eftir það,“ segir Garðar og hlær.

Farið aftur í háskóla

Þegar þú lítur yfir ferilinn, eru einhver sérstök mál eftirminnilegri en önnur?

„Það er af ýmsu að taka. Það eru til dæmis mál sem snúast um fiskveiðiréttindi og mál sem tengdust bankahruninu. Síðan sat ég í aðskilnaðarnefnd sem undirbjó réttarfarsbreytinguna árið 1992. Ég lærði mikið af því og sú breyting tókst gríðarlega vel. Svo var ég formaður samninganefndar heilbrigðisráðherra í sjö ár og gerði samninga við alla sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. Þau verkefni færðust síðan til Sjúkratrygginga Íslands og eru mjög í brennidepli núna. “

Ert þú til í að gefa ungum lögmonnum ráð?

„Já, farið aftur í háskóla og lærið eitthvað tæknitengt.“

EI og UH



Andri Árnason, lögmaður
Andri Andrason, lögmaður, LL.M.
Bjarni Aðalgeirsson, lögmaður
Dr. Finnur Magnússon, lögmaður, LL.M.
Edda Andradóttir, lögmaður, LL.M.
Halldór Jónsson, lögmaður
Lárus L. Blöndal, lögmaður
Sigurbjörn Magnússon, lögmaður
Simon David Knight, lögmaður
Stefán A. Svensson, lögmaður, LL.M.
Vífill Harðarson, lögmaður, LL.M.

Hildur Þórarinsdóttir, lögmaður
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir, lögmaður
Jenný Harðardóttir, lögmaður
Katherine Nichols, sérfræðingur
Sigrún Magnúsdóttir, lögfræðingur
Sigurður Helgason, lögmaður

Juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími 580 4400
www.juris.is

Juris er leiðandi lögmannsstofa sem leggur áherslu á þjónustu á sviði viðskipta og fjármála. Stofan nýtur viðurkenningar fyrir þekkingu og reynslu lögmannanna sinna sem kappkosta að veita snögga og hagnýta þjónustu með hliðsjón af viðskiptalegum hagsmunum viðskiptavinarins. Á skrifstofu Juris starfa íslenskir og enskir lögmennt, með lögmannsréttindi í báðum löndum, og þannig getur stofan veitt skilvirka og hagkvæma þjónustu til aðila sem hafa starfsemi í báðum ríkjum.



CHAMBERS
AND PARTNERS





1 SYSTEMS
One

1 SYSTEMS **OneRecords** Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS
OneDrag&Drop
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjaldröglvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

1 SYSTEMS
One